

**Menntaskólinn í Reykjavík**  
02 301

**Ársreikningur 2019**

## **Efnisyfirlit**

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Menntaskólinn í Reykjavík**  
**kt. 460269-2109**  
**Lækjargötu 7, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn í Reykjavík er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Skólinn hefur ávallt kappkostað að gera nemendur sína sem hæfasta til að stunda háskólanám og veitt þeim haldgóða menntun sem nýtist þeim hvert sem leið þeirra liggur að loknu stúdentsprófi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 1.053,2 milljónir og afkoma kr. -3,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 26,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 148,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans í Reykjavík í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Elísabet Siemsen,  
rektor

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.006.213.796	920.756.932
Aðrar tekjur .....	3	8.108.000	10.421.000
Seld þjónusta .....	4	2.411.000	2.419.000
Vörusala .....		20.612.124	24.748.930
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	9.930.674	39.555.887
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	5.924.737	6.135.631
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.053.200.331</b>	<b>1.004.037.380</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	828.127.791	849.620.026
Annar rekstrarkostnaður .....	7	222.356.527	148.504.656
Afskriftir .....	8	5.924.737	6.135.631
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.056.409.055</b>	<b>1.004.260.313</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(3.208.724)</b>	<b>(222.933)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		128.435	106.012
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(19.736)	(42.360)
		108.699	63.652
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(3.100.025)</b>	<b>(159.281)</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		33.710.080	23.515.699
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>33.710.080</u>	<u>23.515.699</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	24.907.357	37.824.502
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		2.236.400	232.800
Handbært fé .....	11	87.758.119	81.889.334
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>114.901.876</u>	<u>119.946.636</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>148.611.956</u>	<u>143.462.335</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		26.613.419	29.713.444
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>26.613.419</u>	<u>29.713.444</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	700.177	23.915.299
Viðskiptaskuldir .....		18.371.139	6.261.631
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	47.844.698	42.664.701
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	55.082.523	40.907.260
<b>Skuldir samtals</b>		<u>121.998.537</u>	<u>113.748.891</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>148.611.956</u>	<u>143.462.335</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(3.100.025)	(159.281)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	5.924.737	6.135.631
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(5.924.737)	(6.135.631)
		<u>(3.100.025)</u>	<u>(159.281)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(2.003.600)	779.798
Tengdir aðilar .....		(10.297.977)	(6.715.335)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		17.289.505	15.892.644
		<u>4.987.928</u>	<u>9.957.107</u>
		<u>1.887.903</u>	<u>9.797.826</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(16.119.118)	(1.608.439)
		<u>(16.119.118)</u>	<u>(1.608.439)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		20.100.000	19.000.000
		<u>20.100.000</u>	<u>19.000.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		5.868.785	27.189.387
		<u>81.889.334</u>	<u>54.699.947</u>
		<u>87.758.119</u>	<u>81.889.334</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsagjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsagjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.006.213.796	931.756.932
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(11.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.006.213.796	920.756.932
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	5.924.737	6.135.631
	<u>1.012.138.533</u>	<u>926.892.563</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	996.900.000	0	0	996.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	9.313.796	0	0	9.313.796
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.006.213.796</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.006.213.796</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(1.009.313.821)	0	0	(1.009.313.821)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(3.100.025)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(3.100.025)</b>

	2019	2018
<b>3 Aðrar tekjur</b>		
Sala á vöru og þjónustu .....	8.108.000	10.421.000
	<u>8.108.000</u>	<u>10.421.000</u>

### 4 Seld þjónusta

Veitinga- og gistiþjónusta .....	869.000	0
Fræðslustarfsemi og fundir .....	1.542.000	2.419.000
	<u>2.411.000</u>	<u>2.419.000</u>

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	0	329.000
Kostnaðarhlutdeild .....	0	4.628.770
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	7.601.030	34.396.979
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	2.245.044	0
Ýmsar tekjur .....	84.600	201.138
	<u>9.930.674</u>	<u>39.555.887</u>

### 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	673.058.584	679.936.906
Orlof, breyting .....	(3.007.764)	12.671.600
Launatengd gjöld .....	153.220.723	156.840.820
Starfsmannakostnaður .....	4.856.248	170.700
	<u>828.127.791</u>	<u>849.620.026</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	74,9	80,0
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2019	2018
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.936.631	3.810.800
Byggingarvörur, almennar ....	51.281	331.505
Byggingarvörur, aðrar ....	55.319	40.431
Tæki og búnaður til innréttinga ....	0	1.910
Ýmis tæki og áhöld ....	1.344.953	1.064.663
Orkugjafar ....	7.157.119	7.164.158
Matvæli ....	2.761.545	1.675.469
Almennar rekstrarvörur ....	1.918.267	2.243.476
Vörukaup, almenn	15.225.115	16.332.412
Kennslu- og föndurvörur ....	1.063.006	265.954
Ýmsar sérgreindar vörur ....	120.032	102.554
Vörukaup, sérgreind	1.183.038	368.508
Fundir, námskeið, risna ....	1.515.396	1.422.143
Ferðir, uppihald ....	9.787.148	5.452.195
Akstur ....	472.293	396.278
Sérfræðiþjónusta ....	20.377.727	22.724.793
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ....	436.868	315.884
Auglýsingar og kynningarstarfsemi ....	1.570.588	2.021
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ....	854.217	12.165.266
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	35.014.237	42.478.580
Afnotagjöld ....	7.147.847	4.257.466
Leigugjöld ....	132.713.661	62.755.312
Notkun véla og flutningatækja ....	56.502	205.900
Verkkaup ....	26.467.392	15.961.077
Kostnaðarhlutdeild ....	0	654.760
Áhættutap og bætur ....	74.595	0
Tryggingar, lögboðnar ....	55.838	52.202
Opinber gjöld ....	133.500	143.126
Tilfærslur ....	375.000	180.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	167.024.335	84.209.843
Vörukaup I ....	3.909.802	5.115.313
Vörur til endursölu og birgðabreyting	3.909.802	5.115.313
Annar rekstrarkostnaður samtals	222.356.527	148.504.656
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður ....	5.924.737	6.135.631
	5.924.737	6.135.631

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	33.710.080	23.515.699
	<u>33.710.080</u>	<u>23.515.699</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	66.041.889	203.018	66.244.907
Viðbætur á árinu .....	16.119.118	0	16.119.118
	<u>82.161.007</u>	<u>203.018</u>	<u>82.364.025</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	42.526.190	203.018	42.729.208
Afskrift ársins .....	5.924.737	0	5.924.737
	<u>48.450.927</u>	<u>203.018</u>	<u>48.653.945</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>33.710.080</u>	<u>0</u>	<u>33.710.080</u>

**31.12.2019      31.12.2018**

## 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	24.907.357	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	37.824.502
	<u>24.907.357</u>	<u>37.824.502</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	20.115.361
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	700.177	3.799.938
	<u>700.177</u>	<u>23.915.299</u>

## 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	60.397.097	34.236.543
Sparisjóðsreikningar .....	25.288.738	43.435.449
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	2.072.284	4.217.342
	<u>87.758.119</u>	<u>81.889.334</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 20 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	29.713.444	29.872.725
Afkoma ársins .....	(3.100.025)	(159.281)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>26.613.419</u>	<u>29.713.444</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	38.798.150	41.805.914
Ógreidd laun .....	4.984.173	0
Önnur ógreidd gjöld .....	4.062.375	858.787
	<u>47.844.698</u>	<u>42.664.701</u>

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	33.710.080	23.515.699
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	21.372.443	17.391.561
	<u>55.082.523</u>	<u>40.907.260</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	23.515.699	17.391.561	40.907.260
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	20.100.000	20.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	16.119.118	(16.119.118)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(5.924.737)	0	(5.924.737)
	<u>33.710.080</u>	<u>21.372.443</u>	<u>55.082.523</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 7,4 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 15 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa og aðra samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 132,0 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 20,0 milljónum og vegna annara samninga 22,3 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.